



Þinggerð 54. ársþings

12. og 13. febrúar 2000 - Hótel Loftleiðir, Reykjavík

**Þinggerð 54. ársþings KSÍ,
haldið á Hótel Loftleiðum, Reykjavík,**

12. og 13. febrúar 2000.

Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 12. febrúar kl. 10:15 og mælti svo:

Forseti ÍSÍ Ellert B. Schram,
heiðursforseti ÍSÍ Gísli Halldórsson,
formaður ÍBR Reynir Ragnarsson.

Ágætu þingfulltrúar og góðir gestir!

Ég býð ykkur öll velkomin á 54. ársþing KSÍ haldið í Reykjavík. Þetta er fyrsta ársþing KSÍ á nýrri öld á því merkisári 2000. Knattspyrnuhreyfingin stendur vissulega á miklum tímamótum. Framundan er ný öld með nýjum tækifærum, nýjum áherslum og nýjum sigrum. Hvað er framundan, hvað bíður okkar á nýrri öld? Hvernig mun knattspyrnan á Íslandi, já yfirleitt í Evrópu, já heiminum öllum, breytast á nýrri öld? Spyr sá, sem ekki veit, en eitt er víst, það eru vissulega spennandi tímar framundan, ný tækifæri, nýir sigrar og umfram allt nýjar áherslur að takast á við. Hvað með tæknina, fjölmiðlana, internetið og þá gífurlegu möguleika sem þar bjóðast? Nú er allt í einu farið að slást um réttindi á Internetinu.

Góðir þingfulltrúar!

Það er ánægjulegt að geta staðið hér í pontu og ávarpað ársþing Knattspyrnusambands Íslands á þessum tímamótum og geta með fullum rétti fullyrt að íslensk knattspyrna og íslensk knattspyrnuhreyfing hafi aldrei verið öflugri og staðið sterkar en við upphaf nýrrar aldar. Það eru margar ástæður sem styðja þessa fullyrðingu. Síðasta keppnistímabil í íslenskri knattspyrnu var á margan hátt mjög glæsilegt, mikil áhorfendaaukning í Landssímadeild karla og vel yfir 7000 áhorfendur á Coca-Cola bikarúrslitaleik karla. Meiri umfjöllun var um knattspyrnu í fjölmiðlum og mun meira sýnt frá knattspyrnu í sjónvarpi en áður. Íslenska karlalandsliðið undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar vakti mikla og verðskuldaða athygli um alla Evrópu fyrir glæsilegan framgang í sínum riðli í Euro 2000.

Við upplifum það nú ár eftir ár að það komast færri að en vilja á landsleiki á Laugardalsvelli; því miður það er uppselt. Það er kominn tími til að fela KSÍ að ljúka framkvæmdum á Laugardalsvelli og loka hringnum með sætum fyrir ca. 10.500 – 12.000 manns. Ég hyggst heimsækja borgarstjóra á næstunni og leggja fram skothelt plan hvernig við getum lokið uppbyggingu á Laugardalsvelli.

19. febrúar árið 2000 verður fyrsta knattspyrnuhöllin á Íslandi vígð í Reykjanesbæ. Þetta mikla baráttumál í íslenskri knattspyrnu er í höfn og þetta er bara byrjunin.

Það er óhætt að fullyrða að búið sé að hreinsa ærlega til í fjármálum knattspyrnuhreyfingarinnar eftir þá þörfu umræðu og uppstokkun sem átti sér stað á síðasta áratug. Félögin vinna þau mál af mun meiri festu og ábyrgð en áður.

Hlutfélagavæðingin innan knattspyrnunnar sem hófst á síðasta ári virðist halda áfram. Það er vissulega jákvætt að fá aukna fjármuni inn í hreyfinguna ef rétt er að hlutunum staðið.

Aldrei hafa fleiri knattspyrnumenn haft knattspyrnuna að atvinnu erlendis en nú. Það sýnir og sannar að það er vel unnið í grasrótinni þ.e. félögum sjálfum.

Aldrei hefur fjárhagsleg staða Knattspyrnusambands Íslands verið betri en nú, sem sést hér á eftir þegar farið verður yfir reikninga KSÍ. Það er að mínu áliti forsenda fyrir sterkri knattspyrnuhreyfingu á Íslandi að fjárhagsleg staða Knattspyrnusambandsins sé trygg.

Að síðustu er rétt að nefna í þessari upptalningu kaup íslenskra fjárfesta í Stoke City á Englandi, sem er tímanna tákn og sannfærir okkur enn frekar um vinsældir og styrk fótboltans þó ég hefði að sjálfsögðu viljað sjá þá fjármuni fara sem fjárfestingu inn í íslenska knattspyrnu.

Ágætu félagar og góðir gestir!

En á þessum merku tímamótum sem upphaf nýrrar aldar vissulega er, eiga sér stað mikil umbrot í knattspyrnuheiminum sem vert er að staldra aðeins við hér. Knattspyrnan í Evrópu er hluti af þeim iðnaði sem vex hraðast af öllu í dag þ.e. afþreyingariðnaðinum. Peningasjónarmiðin virðast vaða uppi og ráða meira og minna öllu sem snýr að fótboltanum. Stóru félögin í Evrópu eins og t.d. Juventus, Manchester United, Arsenal, Real Madrid og A.C. Milan - ég gæti haldið þessari upptalningu áfram - heimta sífellt stærri hlut af þeim peningum sem til skiptanna eru í Evrópu í dag. Þessi félög kaupa leikmenn á upphæðum sem við skiljum ekki og borga þeim himinhá laun sem eru úr öllu samhengi og almenningur sem fylgist með fótbolta á erfitt með að skilja og samþykkja. Evrópuknattspyrnusambandið þ.e. UEFA hefur verið undir miklum þrýstingi frá þessum félögum að breyta Evrópukeppnum félagsliða þannig að það gagnist þeim og geri þeim kleift að fá enn meiri peninga til sín af heildarkökunni. UEFA kom til móts við kröfurnar og breytti Champions League - stækkaði hana og hleypti inn fleiri liðum frá stærri löndum (þ.e. Þýskalandi, Ítalíu, Englandi, Frakklandi og Spáni) sem hafa langmestu sjónvarpstekjurnar. Jafnframt var gömlu UEFA keppninni og Evrópukeppni bikarhafa skellt saman í eina keppni sem nú nefnist UEFA keppnin. Það er víst alveg óhætt að segja að innan UEFA voru mjög skiptar skoðanir um þessa leið, en hræðslan við að stóru liðin í Evrópu færu sína leið og stofnuðu svokallaða Super-Evrópu-deild var svo raunhæf að þetta var samþykkt með miklum semingi. Það sem hefur komið á daginn á þessu fyrsta ári eftir þessar breytingar, er sú staðreynd að það er ofmettun á fótbolta í sjónvarpi víða um Evrópu. Í mörgum löndum Evrópu er beinn fótbolti í sjónvarpi alla daga og stundum 2 – 3 leikir á dag og svo flæðir þetta að sjálfsögðu yfir öll landamæri. Það hefur líka komið í ljós, sem margir okkar óttuðust, að öll athygli beinist að Champions League og UEFA keppnin er orðin að einskonar 2. deild í Evrópuknattspyrnunni og það hefur reynst erfitt að fá sjónvarpstekjur af leikjum í þeirri keppni, sem er til skaða fyrir minni félögin í minni löndunum. Það er líka athyglisvert í þessari umræðu að í fyrsta skipti hefur það gerst í stórum leikjum í Champions League hjá t.d. Bayern München, A.C. Milan og fleiri að vellirnir hafa verið hálfþómir þar sem alltaf komust færri að en vildu áður. Eru mennirnir ekki orðnir of gráðugir? Peningahyggjan er að byrja að skaða fótboltann verulega. Þarna er vissulega mikil hætta á ferðum sem vert er að veita athygli og er nú til umræðu víðsvegar um Evrópu.

Ástæðan fyrir því að ég geri þetta að sérstöku umtalsefni á ársþingi KSÍ er sú, að þetta getur haft mikil áhrif á fjárhag KSÍ og þeirra félagsliða sem taka þátt í Evrópukeppnum fyrir hönd Íslands.

Knattspyrnan er á þeim tímamótum núna, að vinsældirnar hafa aldrei verið meiri, en á móti kemur að mikil hætta er á yfirmettun á framboði á knattspyrnu, sem gæti haft í för með sér bakslag í fjármálum þ.e. einkanlega hvað okkur varðar: minni tekjur af sjónvarpsrétti.

Mér finnst sú staða reyndar vera komin upp í Evrópuknattspyrnusambandinu núna að kollegar mínir skilja þetta sem mjög hættulegt vandamál og menn muni standa mjög fast á bremsunni um frekari breytingar og þá miklu frekar að reyna að snúa þessari þróun að einhverju leyti til baka.

En ágætu þingfulltúar!

Eins og þið öll vitið skiptir sjónvarpsréttur og tekjur af honum höfuðmáli fyrir fjárhag KSÍ. Við erum nú að fara í gang með viðræður við nokkra aðila varðandi nýjan sjónvarpssamning en þeir eru lausir á næsta ári. Það eru vissulega blikur á lofti í þeim málum eins og ég hef þegar lýst vegna ofmettunar á sjónvarpsmarkaðnum. Undanfarnir tveir fjögurra ára sjónvarpssamningar sem KSÍ hefur gert hafa verið mjög hagstæðir og byggst meðal annars á því að við höfum fengið þá greidda fyrirfram, og jafnframt verið lausir við alla áhættu, sem er að mínu mati algjör forsenda fyrir lítið samband sem byggir afkomu sína verulega á þessum tekjum. Það er tímanna tákn og sýnir vel þær þjóðfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað á Íslandi, að verulegur hluti af hagnaði KSÍ byggist á fjármálastarfsemi eins og þið sjáið á reikningunum.

Innan UEFA höfum við skipað okkur í hóp þeirra þjóða sem vilja fjölga keppnisleikjum hjá A-landsliðum og fækka vináttulandsleikjum sem mjög takmarkaður áhugi er fyrir lengur. Nú er jafnvel verið að tala um það í alvöru að þær 50 Evrópuþjóðir sem taka þátt í undankeppnum spili í 5 10 liða riðlum sem þýddi 18 alvöru keppnisleiki á 2ja ára tímabili. Eitt er alveg ljóst að það er yfirgnæfandi meirihluti innan UEFA fyrir því að finna leiðir til að fjölga keppnisleikjum. Hvernig þessi mál skipast í framtíðinni skiptir miklu máli fyrir fjárhag KSÍ.

Hvað íslensku félögin sem taka þátt í Evrópukeppni hverju sinni varðar er ljóst að sífellt erfiðara er að komast áfram og eiga von á alvöru tekjum. Það er mikil óánægja með þessa þróun víða í Evrópu og ljóst að mikill þrýstingur er á UEFA að finna betri lausn á þessu til framtíðar.

Mér fannst það tímanna tákn að heyra í forseta þýska sambandslýðveldisins í hátíðarræðu í tilefni hundrað ára afmæli þýska knattspyrnusambandsins gefa forystu UEFA og FIFA verulega inn fyrir mikla peninga- og markaðshyggju sem væru að gera út af við fótboltann. Og hann spurði hvernig hægt væri að kalla Meistaradeildina því nafni þegar meiri hluti liða í þeirri keppni væru ekki meistarar sinna landa heldur hefðu jafnvel lent í 3. og 4. sæti í deild í sínu heimalandi.

Góðir þingfulltrúar!

Við erum hér mætt á 54. ársþing KSÍ forystufólk í íslenskri knattspyrnu til að gera upp þá hluti sem við höfum verið að vinna að á yfirstandandi ári og móta stefnu knattspyrnuhreyfingarinnar fyrir næsta ár og framtíðina. Að afloknu keppnistímabili setjast menn niður og gera upp árangurinn. Fara yfir það sem miður hefur farið og einnig það sem vel hefur verið gert. Við metum árangurinn miðað við sett markmið, endurskoðum leikaðferðir og skoðum lokaniðurstöðuna. Í knattspyrnunni er enginn lokaáfangi það er eitt af því, sem gerir hana svo töfrandi. Framundan er ávallt nýtt keppnistímabil nýtt mót, ný eftirvænting, ný markmið að setja sér. Góðir sigrar kalla á áframhaldandi velgengni. Ef miður hefur gengið er markmiðið sett hærra, það gengur bara betur næst. Í knattspyrnunni eru ávallt nýir tímar framundan. Ný mót, ný verðlaun, ný bjartsýni og ný markmið að setja sér.

Já knattspyrnan er svo sannarlega töfrandi íþrótt og þetta er höfuðástæðan fyrir því að við forystumenn í þessari göfugu íþrótt endumst svona lengi í þessu starfi og hittumst ár eftir ár á árlegum þingum knattspyrnusambandsins til að bera saman bækur okkar.

Það var að vanda mikið líf og fjör á knattspyrnuvöllum vítt og breytt um landið á síðustu leiktíð. Ég óska öllum til hamingju sem unnu til verðlauna og sigra á liðnu keppnistímabili. Það er óhætt að segja með sanni að árið 1999 var ár KR í fótboltanum. Á 100 ára afmæli félagsins vannst það einstæða afrek að vinna tvöfalt þ.e. bæði Landssímadeild karla og kvenna og Coca-Cola bikar karla og kvenna. Glæsilegur árangur, til hamingju KR-ingar. Upp í Landssímadeild karla færast Fylkir og Stjarnan. Upp í 1. deild karla færast Tindastóll og Sindri og í 2. deild færast UMFA og KÍB. Upp í

Landssímadeild kvenna færast Þór/KA og FH. ÍA varð Deildarbikarmeistari karla og kvennalið KR vann þrefalt því þær hömpuðu líka Deildarbikar kvenna. Ánægjulegt var að enn skyldi verða umtalsverð áhorfendaaukning í Landssímadeild karla og Coca-Cola bikar karla.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka og hrósa íslenskum fjölmiðlum fyrir góða umfjöllum um íslenska knattspyrnu, sem hefur enn frekar átt þátt í að auka vinsældir íþróttarinnar. Sérstakt hrós fá sjónvarpsstöðvarnar fyrir þeirra framlag, beinar sjónvarpsútsendingar frá leikjum hafa aukist mikið í kjölfar síðasta sjónvarpssamnings og það hefur virkað jákvætt á áhuga á knattspyrnu á Íslandi. Á því er ekki vafi. KSÍ hefur átt gott samstarf við alla þessa aðila á liðnu ári og það er hér með þakkað.

Landsliðsmál KSÍ.

Á síðasta ári voru starfandi 8 landslið á vegum KSÍ 4 karla og 4 kvenna. Alls voru spilaðir 47 landsleikir þar af 10 á Íslandi og 37 erlendis, sem segir auðvitað heilmikla sögu um kostnað KSÍ vegna landsliða. Almenn náðist ágætis árangur á liðnu ári og þar vakti að sjálfsgöðu langmesta athygli glæsilegur árangur A-landsliðs karla undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar. Árangur þess í undankeppni Euro 2000 vakti mikla athygli um alla Evrópu. Ljóst er að Guðjón Þórðarson vann frábært starf með liðið og lyfti því mörgum þrepum hærra á alþjóðlegum mælikvarða. Árangur liðsins gerði það líka að verkum að mikill meðbyr er með knattspyrnunni í íslensku þjóðlífi um þessar mundir. Það er eftirminnilegasta augnablik þess sem hér stendur í tengslum við fótboltann þegar við jöfnuðum leikinn í 2 – 2 í Stade De France í París gegn heimsmeisturunum, þeir voru beinlínist agndofa. Og gaman að upplifa allt lofið sem liðið fékk frá framámönnum í evrópskri knattspyrnu eftir þann leik. Guðjón Þórðarson hefur enn á ný sýnt og sannað hæfileika sína sem frábær þjálfari og það kom mér ekki á óvart þegar hann vildi reyna fyrir sér í störfum erlendis. Hann var fyrir þó nokkru búinn að ákveða það innra með sér að nú væri rétta mómentið að taka næsta skref og starfa erlendis. Eins og þið eflaust munið var mikið umm og emm í sambandi við landsliðsþjálfarastöðuna í haust og af sumum reynt að gera það neikvætt fyrir KSÍ á tímabili, en staðreyndin var auðvitað sú að ég vissi hug Guðjóns þá þegar og reyndar það líka að hann var einn aðaldrífkrafturinn í Stoke-ævintýrinu en taldi mér að sjálfsgöðu ekki fært að brjóta trúnað með því að upplýsa það fyrr en það mál var í höfn. En fyrir hönd KSÍ þakka ég Guðjóni frábær störf og gott samstarf sem hvergi bar hnökra á meðan hann starfaði hjá KSÍ og um leið óska ég honum góðs gengis og velfarnaðar í nýju starfi á erlendri grund.

Um leið býð ég Atla Eðvaldsson velkominn til starfa sem landsliðsþjálfara. Atli er öllum hnútum kunnugur hjá KSÍ, á glæsilegan atvinnumannaferil að baki, landsliðsmaður og fyrirliði landsliðs og þjálfari U-21 liðs karla undanfarin 4 ár. Einnig býð ég velkominn til starfa Sigurð Grétarsson sem þjálfara U-21 liðs karla. Hann á að baki glæstan atvinnumannaferil auk fjölda landsleikja.

KSÍ sá um Opna Norðurlandamótið í U-21 kvenna í Reykjavík og nágrenni í ágúst á síðasta ári, með þátttöku 5 Norðurlandþjóða auk Bandaríkjanna, Þýskalands og Ástralíu. Mótið fór fram í góðu veðri við góðar aðstæður og tókst í alla staði mjög vel. Mikil og almenn ánægja var með framkvæmd og skipulag mótsins hjá öllum erlendu liðunum. Það verður líka að segja KSÍ til hróss að sambandið býr að því að vera í mjög góðri æfingu og hefur mikla reynslu að halda mót sem þessi.

Fjármál KSÍ.

Afkoma Knattspyrnusambands Íslands á síðasta ári var góð og árið að mörgu leyti starfsemi KSÍ hagstæð. Fjárhagsstaðan er mjög sterk með eigið fé upp á rúmar 67 milljónir. Hagnaður af reglulegri starfsemi KSÍ er um 4 milljónir sem er nánast sami hagnaður og regluleg starfsemi Laugardalsvallar sýnir. En við náum mjög góðum árangri í annarri fjármálastarfsemi sem skilar okkur eins góðri niðurstöðu og raun er eða heildarhagnaði upp á rúmar 36 milljónir. Sá góði árangur sem næst vegna fjárstýringar á erlenda láninu á Laugardalsvelli þýðir í raun, að það lán hefur lækkað úr rúmlega 221

milljón króna í rúmlega 197 milljónir sem þýðir aftur að vextir og afborganir á næstu árum lækka sem því nemur og framlag Reykjavíkurborgar nýtist því enn betur en áður.

En ég vil enn einu sinni minna á þau viðvörunarorð sem ég hafði á síðasta árþingi, að rekstur KSÍ er þanninn til hins ítrasta og mikið aðhald þarf að hafa í rekstrinum til að endar náist saman. Enda er það eftirtektarvert við þetta uppgjör hvað áætlanir fyrir árið hafa verið nærri því að standast. Ég tel að það sýni mjög greinilega hversu mikið aðhald er á öllum útgjöldum hjá KSÍ. Það er mjög háð því hvernig til tekst í næstu sjónvarpssamningum hvernig framtíðin er í fjármálum KSÍ. Það er því mjög nauðsynlegt að hafa varasjóð til taks ef sjónvarpstekjurnar minnka.

Ágætu þingfulltrúar!

Ég veit reyndar að þið eruð öll ánægð með sterka fjárhagstöðu Knattspyrnusambands Íslands og að þið vitið jafnvel og ég að fjárhagslega sterkt KSÍ er grundvöllur að sterku og þróttmiklu starfi knattspyrnuhreyfingarinnar. Það verður stór og eftirminnilegur dagur í íslenskri knattspyrnusögu þann 19. febrúar næstkomandi þegar nýtt og glæsilegt knattspyrnuhús verður vígt í Reykjanesbæ. Við óskum þeim innilega til hamingju með þeirra merka framtak að verða fyrsta bæjarfélagið að reisa knattspyrnuhús. Ákvörðun hefur einnig verið tekin um byggingu knattspyrnuhúss í Reykjavík sem á að verða fullgert á næsta ári. Það er spennandi tilhugsun að hafa möguleika á 2 húsum varðandi Deildarbikarinn í framtíðinni. Hugsanlegt væri að deildaskipta Deildarbikarnum eftir styrkleika félaga og spila alvörumót innanhúss frá janúar fram á vor ár hvert. Ég sé fram á að 2 knattspyrnuhús til viðbótar rísi á næstu 3-4 árum.

Sameining félaga er mál sem hefur verið mjög í brennidepli að undanfögnu bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og út um land. Þetta er viðkvæmt mál sem spilar á ýmsar tilfinningar þar sem í hlut eiga oft félög sem eiga áratuga merka sögu og ljóst er að sitt sýnist hverjum um þessa þróun. En málið er heitt og það þarf að ræða frá öllum hliðum. Á þessi þróun ekki sama rétt á sér í íþróttahreyfingunni eins og annars staðar í þjóðfélaginu? Kl. 14:30 í dag verður haldið málþing um þetta mál í tengslum við KSÍ þing og við höfum fengið til að ræða þessi mál aðila sem hafa tengst mjög umræðunni um þessi mál og hafa ákveðnar skoðanir á þeim. Við skulum ræða þessi mál af opnum huga og fullri hreinskilni.

Ég sagði í setningaræðu minni á síðasta árþingi að það væri ótrúlegt hvað endalaust væri hægt að leggja fram af nýjum tillögum á knattspyrnuþingum eins og við hefðum verið dugleg á síðasta áratug að hreinsa til í okkar málum. Ég sagði að ég sæi fyrir mér að málum hlyti að fækka í framtíðinni. Sú spá hefur ræst og fyrir þessu þingi liggja nú 9 þingskjöl með tillögum og greinargerðum. Það er ekki endalaust hægt að breyta því sem hefur reynst vel og menn breyta ekki bara breytinganna vegna.

Góðir félagar!

En árþing Knattspyrnusambandsins taka ákvarðanir um stefnu og starf næsta starfsárs. Það mótast að sjálfsögðu mest af þeirri fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir þingið og mótast starfið framundan.

Á þessu vettvangi á KSÍ forystan að fá skýr skilaboð frá hreyfingunni hvar hefur tekist vel til og hvar betur má gera. Þetta er að sjálfsögðu rétti vettvangurinn. Gleymum ekki að félögin eru sambandið. Sambandið er félögin, svo einfalt er þetta mál. Hvorugt getur eða vill án hins vera. Okkar hagsmunir fara alltaf saman að lokum.

Ég þakka öllum stjórnarmönnum í KSÍ mikil og góð störf á liðnu ári. Það kemur nýjum mönnum í KSÍ á óvart hversu geysimikið starf er unnið í nefndum KSÍ en eins og þið vitið leiða stjórnarmenn KSÍ störf nefndanna. Nefndarmönnum þakka ég góð störf.

Ég vil endurtaka hér það sem ég hef áður sagt á þingum KSÍ að ég er stoltur af því, sem formaður KSÍ, hversu öflug og vel rekna skrifstofu sambandið hefur á að skipa. Þar er einvala starfslið undir stjórn mjög hæfs framkvæmdastjóra sem allir sem einn leggja sig virkilega fram í störfum fyrir hreyfinguna. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur þingfulltrúum og forystumönnum íslenskrar knattspyrnu ykkar heilladrjúgu og góðu störf í þágu hreyfingarinnar á þessu starfsári. Án ykkar miklu starfa og ósérhlífni væri knattspyrnan á Íslandi ekki í því ótvíræða forystuhlutverki sem hún er í íslensku íþróttalífi.

Nú bið ég ykkur að takast á við þingstörfin af drenglyndi og heilindum og vísa KSÍ veginn til næsta árs og framtíðar.

54. ársþing KSÍ er sett.

Formaður KSÍ ávarpaði Ellert B Schram í tilefni sextugs afmælis hans 10. október síðastliðinn og færði honum gjöf frá KSÍ.

Formaður KSÍ veitti Valtý Birni Valtýssyni viðurkenningu sem „knattspyrnupenni ársins“.

- Valtýr Björn Valtýsson tók til máls og þakkaði fyrir þann heiður sem sér væri sýndur með þessari viðurkenningu.
-

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson, formaður, ÍBR
Bjarni Andrésson, ÍS
Þórarinn E Sveinsson, ÍBA

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

Formaður gerði tillögur um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Sveinn Jónsson
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.
-

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

- Ellert B. Schram flutti kveðju frá Íþróttta og Ólympíusambandi Íslands.
- Þórir Jónsson flutti kveðju frá UMFÍ.

Formaður KSÍ flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á þinginu.

Hann stiklaði á stóru í starfsemi KSÍ á árinu.

Gjaldkeri KSÍ, Eggert Steingrímsson, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.

Valdimar L Friðriksson tók til máls um skýrslu stjórnar og reikninga og lýsti óánægju sinni með lítinn fjárhagsstyrk stjórnvalda við íþróttahreyfinguna.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Álit kjörbréfanefndar

- Steinn Halldórsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Heiðar Jóhannsson.

Frá HSP (1): Röðull Freyr Kárason.

Frá ÍA (3): Andrés Ólafsson, Kristján G Þorvaldz og Ólafur Guðjónsson.

Frá ÍBA (3): Gunnar Gunnarsson, Stefán Gunnlaugsson og Þórarinn E Sveinsson

Frá ÍBH (5): Árni Björn Ómarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Vigfússon, Ólafur Helgi Guðmundsson og Viðar Halldórsson.

Frá ÍBÍ (1): Kristján Pálsson.

Frá ÍBR (26): Alfreð Alfreðsson, Ámundi Halldórsson, Árni Þórðarson, Birgir Gunnlaugsson, Bjarni Hákonarson, Björn Guðbjörnsson, Eiríkur Þ Einarsson, Elísabet Tómasdóttir, Gissur Rafn Jóhannsson, Grímur Sæmundsen, Guðjón Guðmundsson, Gunnar Ólafsson, Gunnsteinn R Ómarsson, Gústaf Adolf Björnsson, Helgi Þorvaldsson, Magnús Orri Schram, Ólafur B Halldórsson, Ólafur Hallgrímsson, Ólafur M Sigurðsson, Ólafur Morthens, Pétur Stefánsson, Sigurður Alfreðsson, Sigurður Georgsson, Sigurður Þ Þorsteinsson, Steinn Halldórsson og Tryggvi E Geirsson.

Frá ÍBS (2): Sigurður Helgason og Þórir Hákonarson.

Frá ÍBV (4): Gestur Magnússon, Jóhannes Ólafsson, Stefán Erlendsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Frá ÍRB (3): Elís Kristjánsson, Rúnar Arnarson og Steinbjörn Logason.

Frá ÍS (8): Bjarni Andrésson, Guðmundur Pálsson, Gunnlaugur Hreinsson, Jónas Þórhallsson, Ragnar Ragnarsson, Sigurður Gunnarsson, Vignir Rúnarsson og Örn Vilmundarson.

Frá UÍA (3): Björgvin Már Hansson, Guðmundur Ingvason og Viðar Jónsson.

Frá UÍÓ (4): Anton Sigurðsson, Einar Einarsson, Þorsteinn Ásgeirsson og Þorsteinn Þorvaldsson.

Frá UMSB (3): Haraldur H Guðbrandsson, Gestur E Guðnason og Gunnar Lárusson.

Frá UMSE (2): Björn Guðbjörnsson og Gísli Bjarnason.

Frá UMSK (12): Guðjón Kristjánsson, Halldór Örn Þorsteinsson, Ingibjörg Hinriksdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Ægir Jónsson, Jónas Már Fjeldsted, Júlíus Stefánsson, Páll Bragason, Páll Grétarsson, Sigmundur Hermundsson, Sverrir D Hauksson, Sævar Björnsson og Valdimar L Friðriksson.

Frá UMSS (4): Frímenn Guðbrandsson, Kristín Gunnarsdóttir, Ómar Bragi Stefánsson og Pálmi Sighvatsson.

Enginn mætti frá HSH, HSK, HSS, HSP, HVÍ, UDN, UNP, USAH, USÍ, USVH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt.

Kosning í þingnefndir. Eftirtaldir voru sjálfkjörnir:

Allsherjarnefnd

Páll Bragason, formaður, UMSK

Árni Þórðarson, ÍBR

Guðmundur Ingvason, UÍA

Gústaf Adolf Björnsson, ÍBR

Sigurður Alfreðsson, ÍBR

Ómar Smárason, starfsmaður

Fjárhagsnefnd

Bjarni Hákonarson, formaður, ÍBR

Ámundi Halldórsson, ÍBR

Jónas Þórhallsson, ÍS

Ólafur Guðjónsson, ÍA

Þorsteinn Ásgeirsson, UÍÓ

Pálmi Jónsson, starfsmaður

Laganefnd

Guðjón Guðmundsson, formaður, ÍBR

Eiríkur Þ Einarsson, ÍBR

Gísli Bjarnason, UMSE

Ómar Bragi Stefánsson, UMSS

Sverrir Hauksson, UMSK

Klara Bjartmarz, starfsmaður

Leikreglnanefnd

Björn Friðþjófsson, formaður, UMSE

Helgi Þorvaldsson, ÍBR

Ingibjörg Hinriksdóttir, UMSK

Jón Vigfússon, ÍBH

Rafn Hjaltalín, ÍBA

Birkir Sveinsson, starfsmaður

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 15

Tillögur á þingskjölum 6 til 15 voru bornar upp og ræddar á laugardagsmorgun og vísað til nefnda. Þinginu var síðan frestað um kl. 12:30 og afgreiðsla tillagna fór fram á sunnudegi frá kl. 10:00.

Þingskjal 6

- Eggert Steingrímsson hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun 2000

<i>Rekstrartekjur:</i>	Skýring	
Framlög og styrkir	1	90.350.000
Tekjur af landsleikjum		20.000.000
Tekjur af mótum		9.176.000
Sjónvarpsréttur og styrkir		33.286.500
Tekjur af fræðslu og ráðst.		1.300.000
Aðrar tekjur		11.270.000
Rekstrartekjur alls		165.382.500
 Rekstrargjöld:		
Yfirstjórn	2	43.732.000
Kostnaður við landsleiki	3	92.038.000
Kostnaður við mót	4	17.400.000
Annar rekstrarkostnaður	5	11.730.000
Rekstrarkostnaður alls		164.900.000
 Hagnaður án fjármagnsliða		482.500
 Fjármagnsliðir:		
Vaxtatekjur		4.000.000
Vaxtagjöld		450.000
Fjármagnsliðir alls		3.550.000
 Hagnaður án áhrifa Laugardalsvallar		4.032.500
 Áhrif Laugardalsvallar		1.650.000
 Hagnaður ársins		5.682.500

Skýringar*Nr. 1 Styrkir og framlög:*

ÍSí	2.700.000
Íslensk getsþá	7.000.000
Íslenskar getraunir	5.000.000
Norræni menningarmálasjóðurinn	650.000
FIFA styrkir	17.500.000
UEFA styrkir	24.500.000
Ýmsir styrkir	33.000.000
Styrkir og framlög	90.350.000

Nr. 2 Yfirstjórn:

Laun og tengd gjöld	24.352.000
Vinnutap og bifreiðakostn. formanns	1.180.000
Annar kostnaður við yfirstjórn	18.200.000
Yfirstjórn og húsn. kostn.	43.732.000

Nr. 3 Landsleikir:

A-landslið karla	41.123.000
U-21 landslið karla	8.580.000
U-18 landslið karla	5.220.000
U-16 landslið drengja	5.115.000
A-landslið kvenna	8.575.000
U-21 landslið kvenna	2.710.000
U-18 landslið kvenna	5.965.000
U-17 landslið stúlkna	3.250.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	11.500.000
Kostnaður við landsleiki	92.038.000

Nr. 4 Mótakostnaður:

Dómaralaun	10.000.000
Annar mótakostnaður	7.400.000
Kostnaður við mót	17.400.000

Nr. 5 Annar rekstrarkostnaður:

Fræðslukostnaður	2.850.000
Dómarakostnaður	4.100.000
Mannvirkjakostnaður	300.000
Rekstur húsnæðis	650.000
Ýmis kostnaður	3.830.000
Annar rekstrarkostnaður	11.730.000

Laugardalsvöllur*Rekstrartekjur:*

Framlög Reykjavíkur vegna framkvæmda	24.000.000
Húsaleiga og æfingastyrkir I.B.R.	7.260.000
Tekjur af landsleikjum	5.300.000
Tekjur af Coca-Cola bikarkeppni	800.000
Tekjur af Landssímadeildinni	650.000
Tekjur af Evrópuleikjum	300.000
Flóðljós - ljósatafla - hljóðkerfi	610.000
Aðrar tekjur	2.350.000
Rekstrartekjur alls	41.270.000

Rekstrargjöld:

Laun og tengd gjöld	10.160.000
Almennur rekstrarkostnaður	3.710.000
Rekstur mannvirkja	6.850.000
Önnur gjöld	100.000
Afskriftir	18.000.000
Rekstrarkostnaður alls	38.820.000

Hagnaður fyrir fjármagnsliði	2.450.000
------------------------------	-----------

Fjármagnsliðir:

Fjármunatekjur	2.500.000
Fjármagnsgjöld	-3.300.000
Fjármagnsliðir alls	-800.000

Hagnaður ársins**1.650.000****Stjórn KSÍ**

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Bjarni Hákonarson.

Nefndin lagði til að fjárhagsáætlun á þingskjali 6 yrði samþykkt.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7

- Framsögu hafði Gústaf Adolf Björnsson.

**Tillaga um breytingu
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**

Lagt er til að 2. og 3. töluliður greinar 2.3. – Leikskýrsla – breytist og hljóði svo (breytingar feitletraðar):

2 Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik auk varamanna, sem mega ekki vera fleiri en 5. **Í Landssímadeild karla og kvenna, 1. deild karla, aðalkeppni Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla og frá og með 8 liða úrslitum í Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki kvenna mega þó varamenn vera fleiri eða alls 7.** Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á skýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Einnig skal skrá á skýrsluna nöfn liðstjórnar, allt að 5 manna. Á leikskýrslu skal tilgreina kennitölu leikmanna og liðsstjórnar, sbr. þó 4. grein.

3 Leikmenn sem hefja leik í keppni 11 manna liða, sbr. þó 4. grein, skulu bera númer 1 til 11 og varamenn númer 12 til 16, **en númer 12 til 18 ef þeir mega vera 7.** Markverðir skulu bera númer 1, 12 eða 16. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu.

Greinargerð: Félögum í Landssímadeild karla og kvenna og 1. deild karla er gefinn kostur á að fjölga sínum varamönnum um tvo og hafa þannig fleiri valmöguleika þegar til skiptinga kemur. Reynslan hefur sýnt að félög í þessum deildum hafa mörgum leikmönnum á að skipa og við þessa breytingu komast fleiri í sjálfan leikmannahópinn þegar gengið er til leiks.

Fram

- Páll Bragason tók til máls og var mótfallinn tillögunni.
- Guðjón Guðmundsson tók til máls og var mótfallinn tillögunni.

Tillögunni var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði fram nýtt þingskjal, númer 7b.

Þingskjal 7 b

**Tillaga um breytingu
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**

Lagt er til að 2. töluliður greinar 2.3. – Leikskýrsla – breytist og hljóði svo (breytingar feitletraðar):

2 Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik auk varamanna, sem mega ekki vera fleiri en 5, og skal númer hvers og eins tilgreint á skýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. **Í úrslitaleik í Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki mega þó varamenn vera fleiri eða alls 7.** Einnig skal skrá á skýrsluna nöfn liðstjórnar, allt að 5 manna. Á leikskýrslu skal tilgreina kennitölu leikmanna og liðsstjórnar, sbr. þó 4. grein.

Leikreglanefnd

- Gústaf Adolf Björnsson tók til máls og var óánægður með störf nefndarinnar.
- Þorsteinn Gunnarsson tók til máls og var samþykkur niðurstöðu nefndarinnar.
- Guðjón Guðmundsson tók til máls og var á móti tillögunni.
- Gústaf Adolf Björnsson tók til máls og talaði með tillögunni.
- Björn Friðþjófsson skýrði afstöðu nefndarinnar frekar.
- Lúðvík Georgsson tók til máls og benti á að stækka þyrfti varamannaskýli ef tillagan yrði samþykkt.
- Bjarni Hákonarson tók til máls og mælti með tillögunni.
- Árni Þórðarson tók til máls og var á móti tillögunni.
- Bjarni Hákonarson tók til máls og gaf frekari skýringar.
- Halldór B Jónsson tók til máls og vildi að framkomnar tillögur yrðu dregnar til baka.

Tillagan á þingskjali 7b og liður 3 á þingskjali 7 var borin undir atkvæði. Tillagan var felld.
Tillagan á þingskjali 7 var borin undir atkvæði. Tillagan var felld.

Þingskjal 8

- Framsógu hafði Lúðvík S Georgsson.

Tillaga um breytingar á reglum fyrir knattspyrnuvelli á Íslandi

A. Lagt er til að í grein 2.2 falli út eftirfarandi setning:

Leikvöllir þar sem framkvæmdir hófust fyrir 1991 skulu undanþegnir þessu ákvæði.

B. Lagt er til að orðalagi verði breytt í grein 2.4. Í stað fyrstu setningar:

Auglýsingaspjöld umhverfis

komi setningin:

Auglýsingaspjöld umhverfis leikvöll mega ekki á nokkurn hátt skerða útsýni áhorfenda inn á leikvöllinn. Almennt skulu þau ekki vera hærrí en 100 cm á þeim hliðum leikvallar þar áhorfendaaðstaða er, nema útsýni áhorfenda sé tryggt.

C. Í grein 3.1 lok þriðju málsgreinar verði fellt út orðið **þrír** (stólar).

D. Í grein 3.2 verði gerð krafa um varamannaskýli fyrir velli í flokki C. Hún hefjist því þannig:

Í flokkum A til C skulu vera tvö varamannaskýli,

E. Felld verði niður krafan um teljarahlið, þ.e. eftirfarandi setning falli niður í grein 4.1:

Á völlum í flokkum A og B skulu vera hlið með teljurum sem allir áhorfendur fara í gegnum.

F. Inn í grein 4.2 verði feitletruðu orðunum bætt við:

Með skipulögðum áhorfendasvæðum er átt við uppbyggð stæði **með varanlegu undirlagi (s.s. malbiki, hellum eða timburbekkjum)**, bekki eða aðskilin sæti

G. Síðasta setningin í grein 4.2. falli burt, þ.e. setningin:

Heimalið skal tryggja aðkomuliði a.m.k. 40% stæða/sæta

H. Í grein 4.3. falli burt eftirfarandi setning

Helmingur salerna skal ætlaður konum.

Jafnframt bætist í setninguna á eftir feitletruðu orðin:

Stærð, frágangur, staðsetning og fjöldi snyrtinga er háð samþykki viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.

I. Grein 5.3. hljóði þannig:

Á leikvöllum í flokkum A til C skal vera a.m.k. 1 almenningssími.

J. Grein 6 breytist og hljóði nú þannig:

6. KEPPNISLEYFI OG UNANÞÁGUR

6.1. Reglur þessar ná til allra nýframkvæmda og endurbóta á knattspyrnumannvirkjum.

6.2. Stjórn KSÍ gefur út keppnisleyfi fyrir knattspyrnuvelli til a.m.k. eins árs, í samræmi við stöðu þeirra sbr. reglugerðina, og skulu þau liggja fyrir 1. maí ár hvert. Stjórn KSÍ getur jafnframt hvenær sem er afturkallað eða breytt slíku keppnisleyfi ef ástæða þykir til.

6.3. Stjórn KSÍ getur veitt undanþágur frá ákvæðum.....(og svo framvegis óbreytt úr núverandi grein 6 til loka hennar).

Rökstuðningur: Ofangreindar breytingatillögur miða flestar að því að færa núverandi reglugerð að þeim starfsháttum sem tíðkast hafa undanfarið, eða breyttum tæknilegum forsendum. Mannvirkjanefnd KSÍ vill jafnframt benda á að ýmislegt í reglugerðinni á strangt tiltekið ekki heima í mannvirkjareglugerð. Æskilegt væri að sett yrði ný almenn reglugerð sem fjallaði um framkvæmd leikja, og mætti þá færa þau framkvæmdaatriði sem ratað hafa inn í knattspyrnuvallareglugerðina þangað.

Mannvirkjanefnd KSÍ

Tillögunni var vísað til laganefndar.

- Álit laganefndar flutti Guðjón Guðmundsson.

Nefndin lagði til að tillagan á þingskjali 8 yrði samþykkt.

- Jóhannes Ólafsson tók til máls og vildi að gengið yrði lengra til að hjálpa félögum til að sækja endurbætur til sveitafélaga.
- Þorsteinn Ásgeirsson tók til máls og var ekki á sama máli.
- Lúdvík S Georgsson tók til máls og taldi að tillagan nægði til að árangur næðist.

Tillagan á þingskjali 8 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9

- Framsögu hafði Lúðvík S Georgsson.

TILLÖGUR FRÁ MILLIÞINGANEFND KSÍ

**um eftirlit með framkvæmd á
reglugerðum KSÍ um félagaskipti leikmanna og
samninga og stöðu félaga og leikmanna**

Á síðasta ársþingi KSÍ var ákveðið að skipa 5 manna millipinganefnd “sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin gefi skýrslu á næsta ársþingi KSÍ og tillögur til breytinga á þeim ákvæðum sem efni standa til.” Sérstaklega var henni falið að gera tillögur um “hvernig hátt skuli samningum og samvinnu milli félaga, sem gera með sér sérstakan samstarfssamning um uppeldi og leikmannaskipti”.

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður	Páll Bragason Stjórnumni
Eggert Þór Kristófersson, Val	Björn Guðbjörnsson, Sindra Hornaf.
og Stefán Gunnlaugsson, KA, sem forfallaðist	

Með nefndinni störfuðu að auki:

Geir Þorsteinsson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ.

Nefndin hélt fjóra bókaða fundi og sendi út eitt dreifbréf til félaganna, þar sem hún bað um ábendingar um það sem betur mætti fara. Nokkur viðbrögð komu, m.a að lækkaður yrði lágmarksaldur til að gera samninga, lögð yrði niður þriggja ára reglan um hlutdeild annarra félaga í félagaskiptagjaldi við félagaskipti erlendis, og að leyfð yrðu félagaskipti til og frá erlendum félögum eftir 1. ágúst (fyrir leikmenn sem væru að fara til reynslu erlendis). Nefndin kynnti sér hvaða reglur gilda í nágrannalöndunum um samstarfssamninga milli félaga, og í stuttu máli þá var niðurstaðan þar heldur rýr.

Nefndin leggur fram tillögur um eftirfarandi:

1. Að felld verði aftur niður heimild til tveggja félagaskipta eftir að leikmaður hefur leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ.
2. Breytt verði orðalagi vegna “uppsagnarákvæðis” í uppeldissamningi til að taka af allan vafa um að félagaskiptagjald skal greitt, þó að leikmaður geti einhliða farið fram á félagaskipti við lok uppeldistímabils.
3. Að í framtíðinni verði að leggja allan leikmannssamninginn inn við skráningu, þ.e. bæði staðalform og fylgiskjöl. Ákvæðið nái yfir samninga sem gerðir eru frá og með 1. mars 2000.
4. Þá leggur nefndin fram ályktunartillögu um venstasamninga milli félaga, sem stjórn KSÍ vinni betur úr, þannig að reglugerð um slíkt liggi fyrir í lok næsta keppnistímabils, enda sé það eðlilegur tímapunktur fyrir slíka reglugerð að taka gildi. Í fyrstu atrennu verði venstasamningar takmarkaðir við annars vegar félög í Landssímadeildinni og hins vegar félög í lægri deildum, en ef reynslan af þessu verður góð og ekki koma fram sérstakir annmarkar gæti þetta orðið víðtækara í framtíðinni.
5. Millipinganefnd starfi áfram í þessum málum.

Nefndin telur að með þessum tillögum komi hún eftir megni til móts við mikilvægustu málin sem upp hafi komið á árinu, hjá félögunum og í deilumálum þeirra í milli. Hún vill jafnframt benda á eftirfarandi:

1. Ákvæðið um heimild til tveggja félagaskipta, sem samþykkt var á síðasta ársþingi reyndist meingallað og var misnotað. Skoðun sýndi jafnframt að þörf fyrir slíkt er vart fyrir hendi. Því er lagt til þessu verði breytt til baka.
2. Stóra málið er að lagt er til að öll fylgiskjöl skuli í framtíðinni (frá og með 1. mars 2000) fylgja samingum við skráningu. Það er ljóst að þetta er nokkuð viðkvæmt mál og gerir miklar kröfur til öryggis á skrifstofu KSÍ og trúnaðar starfsmanna KSÍ. Nefndin telur þetta þó nauðsynlegt og eðlilegt skref til að auðvelda lausn deilumála milli félaga í framtíðinni, og styrkja stöðu reglugerða KSÍ. Samsvarandi reglur gilda í öllum nágrannalöndum okkar og er raunar krafist af hálfu FIFA. Knattspyrnuhreyfingin mun standa sterkari á eftir.
3. Tillögur um breytingar á lágmarksaldri hafa í tvígang verið felldar á undanförunum árum. Nefndin hefur fullan skilning á óskinni um lægri samningsaldur, þó hún leggi ekki fram tillögu um þetta, en óskar eftir umræðu um málið á þinginu. Þá var það mat nefndarinnar að þriggja ára reglan um hlutdeild fyrra félags í félagaskiptagjaldi við félagaskipti til erlendra félaga sé réttlætismál gagnvart uppeldisfélagi, þó að það valdi stundum deilum. Loks voru nefndarmenn sammála um að hvika ekki frá því að lokað yrði á félagaskipti frá og með 1. ágúst.

Millipinganefndin

Tillaga merkt 9a:

Lagt er til að aðeins verði heimil ein félagaskipti innanlands eftir að leikmaður hefur leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ.

Tillaga til breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna

Lagt er til að fyrsta setning í 4. grein í kafla A, hljóði þannig:

Hafi leikmaður leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu, getur hann aðeins *einu sinni* farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí, sbr. þó greinar 5 og 6 í kafla A.

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillagan á þingskjali 9, liður a, yrði samþykktur.

Tillaga á þingskjali 9, liður a, var samþykkt samhljóða.

Tillaga merkt 9b:

Breytt verði orðalagi vegna “uppsagnarákvæðis” í uppeldissamningi til að taka af allan vafa um að félagaskiptagjald skal greitt, þó að leikmaður geti einhliða farið fram á félagaskipti, við lok uppeldistímabils.

**Tillaga til breytinga á
reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna**

Í kafla K grein 3.a falli feitletruðu orðin niður:

....Við lok uppeldistímabils getur leikmaður einhliða **sagt upp samningnum og farið fram á félagaskipti**.....

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillagan á þingskjali 9, liður b, yrði samþykktur.

Tillögur á þingskjali 9, liður b, var samþykktur samhljóða.

Tillaga merkt 9c:

Tillaga um að afrit af fylgiskjölum samninga skuli fylgja með samningum við skráningu og nái yfir samninga sem gerðir eru frá og með 1. mars árið 2000.

**Tillaga til breytinga á
reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna**

Í grein C3 bætist við feitletruðu orðin:

Félag, sem gerir leikmannssamning við leikmann, skal senda skrifstofu KSÍ undirritað staðalform leikmannssamnings **ásamt öllum fylgiskjölum** til skráningar.

Í grein D2 bætist við feitletruðu orðin:

Félag, sem gerir sambandsamning við leikmann, skal senda skrifstofu KSÍ undirritað staðalform sambandsamnings **ásamt öllum fylgiskjölum** til skráningar.

Í grein F2 bætist við feitletraða setningin:

.... skráningu á þeim. **Sérhverjum samningi skal fylgja afrit af öllum fylgiskjölum hans (gildir fyrir samninga sem gerðir eru frá og með 1. mars 2000).** Áður en

Í setningu neðst í greinum I4, J4 og K4 bætist við feitletruðu orðin:

Minnt er á að samningurinn **ásamt fylgiskjölum** skal skráður.....

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Bjarni Hákonarson tók til máls og andmælti þessum hluta þingskjals 9.
- Tryggvi Geirsson tók til máls og tók undir með Bjarna.
- Lúðvík S Georgsson tók til máls og skýrði málið frekar.
- Bjarni Hákonarson tók til máls og þakkaði skýringar.
- Þorsteinn Gunnarson tók til máls og var á móti tillögunni.

- Bjarni Hákonarson tók til máls, var á móti tillögunni en lagði fram breytingartillögu.

Breytingartillaga við 9c:

Greinin hljóði svona:

6. KSÍ skal gæta fyllsta öryggis við vistun fylgiskjala leikmannasamninga. Stjórn KSÍ skal skipa sérstakan trúnaðarmann sem yfirfer samninga og fylgiskjöl og gengur úr skugga um réttmæti þeirra. Trúnaðarmaðurinn hefur með höndum vörslu fylgiskjalanna. Trúnaðarmaður skal koma fylgiskjölum fyrir í umslagi sem er innsiglað í viðurvist fulltrúa félags. Umslagið verður ekki opnað nema nauðsyn krefji og þá í viðurvist fulltrúa aðila. Umslagið skal vistað í öruggri geymslu.

Bjarni Hákonarson, ÍBR

- Guðjón Guðmundsson tók til máls og lagði til að tillagan yrði samþykkt.
- Eggert Magnússon tók til máls og lagði til afgreiðslu tillögunnar yrði frestað og málið skoðað nánar fyrir næsta ársþing.
- Lúðvík S Georgsson tók til máls og lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar.
- Páll Bragason tók til máls og var því fylgjandi að 9c yrði vísað til stjórnar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu að vísa 9c til stjórnar.

Tillaga merkt 9d:

Tillaga til ályktunar

54. ársþing KSÍ ályktar og felur stjórn KSÍ að vinna að gerð reglugerðar um venslasamninga milli félaga sem verði kynnt næsta sumar og taki gildi í lok næsta keppnistímabils. Reglugerðin taki m.a. mið af eftirfarandi:

1. Venslasamingur getur aðeins orðið á milli tveggja félaga, annars úr Landssímadeild og hins úr lægri deild. Gildistími verði ekki minni en eitt ár, og að hámarki 3 ár.
2. Markmiðið er að skapa vettvang og samvinnu milli félaga, einkum varðandi notkun leikmanna og/eða uppeldi þeirra sem báðir aðilar sjái sér hag og styrk í. Gert er ráð að leikmannaskipti milli meistaraflokka félaganna verði mjög opin og ekki þurfi að fara fram formleg félagaskipti við slíkt, ef frá eru taldar eðlilegar lokanir á leikmenn sem léku síðasta leik Landssímadeildarfélagsins. Leikbönn verði tekin út á þeim vettvangi þar sem unnið var til þeirra.
3. Samningar milli félaga verði gerðir á sérstöku staðalformi frá KSÍ. Ef breytingar verða á stöðu félaga í lok keppnistímabils, sem leiði til breytinga á stöðu þeirra út fyrir ramma reglugerðarinnar, telst samningur renna sjálfkrafa út.

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með breytingum nefndarinnar.

Ný tillaga merkt 9d:**Tillaga til ályktunar**

54. ársþing KSÍ ályktar og felur stjórn KSÍ að vinna að gerð reglugerðar um venslasamninga milli félaga **sem lögð verði fyrir næsta KSÍ þing**. Reglugerðin taki m.a. mið af eftirfarandi:

4. **Venslasamingur getur aðeins orðið á milli tveggja félaga sem ekki leika í sömu deild.** Gildistími verði ekki minni en eitt ár, og að hámarki 3 ár.

5. Markmiðið er að skapa vettvang og samvinnu milli félaga, einkum varðandi notkun leikmanna og/eða uppeldi þeirra sem báðir aðilar sjái sér hag og styrk í. Gert er ráð að leikmannaskipti milli meistaraflokka félaganna verði mjög opin og ekki þurfi að fara fram formleg félagaskipti við slíkt, ef frá eru taldar eðlilegar lokanir á leikmenn sem léku síðasta leik **með því félagi sem er í efri deild**. Leikbönn verði tekin út á þeim vettvangi þar sem unnið var til þeirra.

6. Samningar milli félaga verði gerðir á sérstöku staðalformi frá KSÍ. Ef breytingar verða á stöðu félaga í lok keppnistímabils, sem leiði til breytinga á stöðu þeirra út fyrir ramma reglugerðarinnar, telst samningur renna sjálfkrafa út.

7. **Reglugerðin taki gildi fyrir keppnistímabilið 2001.**

Allsherjarnefnd

Tillaga allsherjarnefndar, nýtt þingskjal merkt 9d, var samþykkt samhljóða.

Tillaga merkt 9e:**Tillaga um millipinganefnd**

Ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa 5 manna millipinganefnd sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin gefi skýrslu um stöðuna á næsta ársþingi KSÍ og tillögur til breytinga á þeim ákvæðum reglugerðanna sem efni standa til.

Millipinganefnd

Nefndin lagði til að tillaga á þingskjali 9, liður e, yrði samþykkt.

Tillagan á þingskjali 9e var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 10

- Framsögu hafði Eggert Steingrímsson

**Millipinganefnd um jöfnun ferðakostnaðar
fyrir þátttöku í mótum og landsliðsæfingum**

A - Landsliðsæfingar

Nefndin leggur fram eftirfarandi tillögu um landsliðsgjald:

Nefndin leggur til að ferðakostnaður vegna þátttöku leikmanna í landsliðsæfingum verði jafnaður á þann hátt að félög sem senda lið til keppni í Íslandsmót í 2. og 3. aldursflokki karla og kvenna greiði auk skráningargjalds svokallað landsliðsgjald að upphæð kr. 10.000 fyrir hvern flokk sem félag tekur þátt í. Landsliðsgjöld standa straum af öllum ferðakostnaði vegna forvalsæfinga yngri landsliða karla og kvenna (U18 karla og kvenna, U17 kvenna og U16 karla).

Skýring: Skv. þessu fyrirkomulagi yrðu landsliðsgjöld um kr. 850 þús á ári og KSÍ yrði ábyrgt fyrir öllum ferðakostnaði (kostnaði við flug, ferjur og rútur og aksturkostnaði á milli svæða) í tengslum við allar landsliðsæfingar yngri landsliða sem og allra annarra landsliða.

Tillaga 10, merkt A, sem fjallaði um jöfnun ferðakostnaðar fyrir þátttöku á landsliðsæfingum á vegum KSÍ var dregin til baka af flutningsaðilum.

B - Mót

Nefndin leggur ekki til neinar breytingar á núverandi fyrirkomulagi sem er þannig að félög sem taka þátt í mótum á vegum KSÍ greiða sjálf ferðakostnað sinn með þeirri undantekningu að ferðakostnaður skiptist jafnt á lið í hverjum leik í bikarkeppni meistaraflokka og 2. flokks karla.

Nefndin beinir því til aðildarféлага að leita til íþróttabandalag/hérðasambanda og bæjarféлага eða sveitarstjórna um styrki vegna ferðakostnaðar. Bent er á að í Reykjavík geta félög sótt um styrki frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur vegna ferðakostnaðar liða í leikjum í Íslandsmóti eða bikarkeppni (ekki þó í Landssímadeildum) sem nemur 30% af ferðakostnaði.

Ljóst má vera að jöfnunarsjóður í vörslu KSÍ er ekki raunhæfur kostur. Af fenginni reynslu má álykta að aðildarfélag KSÍ séu ekki í stakk búin til að leggja fram fjármagn í slíkan sjóð (á réttum tíma) auk þess sem slíkur sjóður leiddi til aukins kostnaðar og sú hagræðing sem átt hefur sér stað hjá félögunum sjálfum myndi glatast svo ekki sé minnst á kostnað vegna umsýslu slíks sjóðs.

Nefndin bendir á að Landssímadeild karla sé væntanlega eina mótið (fyrir utan bikarkeppni) þar sem tekjur af leikjum nægja til að standa undir ferðakostnaði og gætu því nægt til að jafna ferðakostnað liða sem þátt taka. Um önnur landsmót gildir hins vegar sú staðreynd að félög verða að afla tekna til að standa straum af ferðakostnaði en geta ekki treyst á að leiktekjur standi undir þeim kostnaði.

Millipinganefndin

Eggert Steingrímsson, formaður, Jóhannes Ólafsson, Guðjón Guðmundsson, Björn Friðþjófsson og Rúnar Arnarson.

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Bjarni Hákonarson.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við greinargerðina.

Þingskjal 11

- Framsögu hafði Lúðvík S Georgsson.

**Greinargerð frá millipinganevnd KSÍ
um kvennaknattspyrnu**

Á síðasta ársþingi KSÍ var ákveðið að skipa millipinganevnd sem fjallaði um „jöfnun aldurs í kvennabolta til jafns við stráka og öll önnur mál sem geta orðið til þess að brottfall iðkenda minnki í kvennboltanum.“

Í millipinganevndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður
Elísabet Tómasdóttir KR
Líney Rut Halldórsdóttir Leikni

Anna Vignir KSÍ
Ingibjörg Hinriksdóttir Breiðabliki

Með nefndinni starfaði Klara Bjartmarz, starfsmaður KSÍ, og Halldór B. Jónsson, formaður mótanevndar KSÍ, mætti á fund með nefndinni til að ræða mótamál.

Nefndin hélt tvo fundi, og leitaði til félaga eftir frekari ábendingum. Aðalmálefni nefndarinnar var aldursflokkaskiptingin en jafnframt fjallaði hún almennt um mótafyrirkomulagið bæði í yngri flokkum og meistaraflokki. Nefndin gerir engar tillögur um breytingar á reglugerðum.

Samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fyrir nefndina kom fram að iðkendum í kvennaknattspyrnu fjölgar hægt og rólega í yngstu aldursflokkunum, meðan lítil breyting hefur orðið síðustu 3-4 árin í þeim elstu. Þó að brottfall sé meira en æskilegt er, þá benda tölur alls ekki til að það sé stærra vandamál hjá stúlkum en drengjum. Eitt helsta vandamál kvennaknattspyrnunnar er enn sem fyrr að betri leikmenn leika flestir með tveimur og jafnvel þremur aldursflokkum í einu. Skipulagning móta er því oft erfið og álag á þessa leikmenn oft mikið. Með því að færa aldursmörkin upp til jafns við karla mun þetta vandamál, að mati nefndarinnar, frekar aukast heldur en hitt í elstu flokkunum. Nefndin telur því ekki tímabært að breyta aldursmörkunum og gerir ekki tillögur um slíkt. Hér þarf að sýna biðlund enn um hríð, meðan grundvöllurinn er að styrkjast.

Nokkur áhugi var á að reyna nýtt fyrirkomulag í Landssímadeild kvenna og voru ýmsir möguleikar ræddir, m.a. hugmyndir um 6 liða deild og úrslitakeppni 8 liða deildar, án þess að úr yrðu tillögur til breytinga. Það er mat nefndarmanna að breiddin í deildinni væri að aukast og líkur á að það muni skila sér í jafnari og sterkari deild á næstu árum. Hér líkt og áður þarf að sýna biðlund enn um sinn.

Nefndin gerir ábendingar um eftirfarandi:

- Að í framtíðinni verði ekki tekið sérstaklega tillit til Norðurlandamóts U-17 við niðurröðun Landssímadeildar. Nauðsynlegt er að styrkja stöðu deildarinnar eftir megni og þarna eigi að setja mörkin.
- Íslandsmót 2. flokks verði í eins föstum skorðum og unnt er með tilliti til skipulags og framkvæmdar og breytingar verði í lámarki á leikjaniðurröðun eftir að mót er hafið enda hafa þjálfarar og forráðamenn liðanna haft tækifæri til athugasemda áður en endanlega leikjaniðurröðun er ákveðin.
- Að félög misnoti ekki möguleikana á að senda 7-manna lið í 3. flokki kvenna. Dæmi eru um að félög hafi frekar sent tvö 7-manna lið heldur en eitt 11-manna lið til keppni á Íslandsmóti. Leikmenn í 3. flokki eru hlutgengir í U-17 landslið, og þurfa því að leika á stórum velli ef þess er nokkur kostur til styrkja stöðu sína og landsliðsins.

Millipinganevnd um kvennaknattspyrnu

Tillögum var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Ingibjörg Hinriksdóttir.

Nefndin gerði ekki athugasemd við greinargerðina.

Þingskjal 12

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

Greinargerð millipinganevndar

Á síðasta ársþingi var samþykkt að skipa 3 manna millipinganevnd sem hefði með höndum eftirfarandi verkefni:

1. Hefji viðræður við ÍSÍ um ákvæði í lögum KSÍ og ÍSÍ um val fulltrúa á knattspyrnuþing vegna bréfs ÍSÍ frá 15. janúar 1999 þar sem gerðar eru athugasemdir við aðferð þá er KSÍ notar.
2. Hefji viðræður við ÍSÍ um dómskerfi íþróttahreyfingarinnar og vinni að tillögum til einföldunar á kerfinu sem leiði til meiri skilvirkni.
3. Haldi áfram endurskoðun á lögum KSÍ og fjalli sérstaklega um gerðardóma, breytingar á meðferð brota gegn lögum og reglugerðum KSÍ og hlutafélög tengd knattspyrnufélögum.

Stjórn KSÍ skipaði eftirtalda í nefndina: Halldór B Jónsson, formaður, Gunnar Guðmundsson og Jóhann Albertsson. Starfsmaður nefndarinnar var Geir Þorsteinsson.

Að ósk stjórnar KSÍ hafa störf nefndarinnar legið niðri. Það byggist á þeirri ákvörðun stjórnar ÍSÍ að fresta þingi sínu sem vera átti sl. haust til mars á þessu ári. Þetta leiddi til þess að þær breytingar sem stjórn KSÍ vænti á fyrirkomulagi dómskerfis íþróttahreyfingarinnar hafa ekki orðið að veruleika fyrir KSÍ þing. Ljóst er að tillaga um breytingu á dómskerfinu mun verða lögð fram á þingi ÍSÍ. Þar með verður væntanlega 2. liður hér að ofan úr sögunni en liður 3 byggir að einhverju leyti á þessum breytingu og er því skynsamlegt að sú endurskoðun fari fram fyrir næsta ársþing KSÍ.

Hvað varðar lið 1 hér að ofan er vísað til ályktunartillögu stjórnar KSÍ um málið.

Millipinganevndin

Tillögunni var vísað til laganevndar.

- Álit laganevndar flutti Guðjón Guðmundsson.

Nefndin gerði ekki athugasemd við greinargerðina.

Þingskjal 13

- Framsögu hafði Halldór B Jónsson.

Tillaga til ályktunar

54. ársþing KSÍ samþykkir að stjórn KSÍ beri upp tillögu til breytingar á lögum ÍSÍ á næsta þingi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem festir í sessi það fyrirkomulag sem lög KSÍ kveða á um val fulltrúa á knattspyrnuþing.

Greinargerð: Frestun þings ÍSÍ hefur leitt til þess að tafir hafa orðið á úrlausn þessa máls en það er vilji stjórnar KSÍ að óska eftir breytingum á lögum ÍSÍ á næsta þingi íþróttahreyfingarinnar þannig að ekki verði um ósamræmi að ræða milli laga KSÍ og ÍSÍ.

Stjórn KSÍ

Tillögunni var vísað til laganeftardar.

- Álit leikreglanefndar flutti Guðjón Guðmundsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Tillagan á þingskjali 13 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 14

- Framsógu hafði Jón Gunnlaugsson.

Þjálfun barna og unglinga Stefnuýfirlýsing KSÍ 2000

Stefna KSÍ hefur það að leiðarljósi að knattspyrnuíðkun skuli vera þroskandi líkamlega, félagslega og sálrænt. Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglinga til að njóta sín innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Skipuleg og markviss þjálfun getur skapað börnum og unglungum aðstæður til að verða afreksmenn seinna meir á lands- og/eða alþjóða mælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreksmennsku fái tækifæri til að stunda knattspyrnu við sitt hæfi.

Markmið

a) 8 ára og yngri

- Auka hreyfiþroska.
- Fyrstu kynni af knattspyrnu verði jákvæð.
- Æfingar séu fjölþættar og stuðli að bættum hreyfiþroska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar.
- Þjálfun fari fram í leikformi.
- Æfingar séu skemmtilegar.
- Leikið verði í 4ra til 6 manna liðum.
- Keppni í þessum flokki á ekki að vera markmið í sjálfu sér. Sé keppni viðhöfð skal hún fara fram á félagsmótum og mótum þar sem félagar úr nágrennfélögum keppa.
- Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppni.
- Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með, að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku og að allir fái sömu viðurkenningu fyrir þátttöku.

b) 9 til 12 ára.

- Aðaláhersla sé á þjálfun tæknilegarar færni.
- Kynna einföld leikfræðileg atriði.
- Þjálfun feli í sér þol, kraft og liðleikaæfingar.
- Að vekja knattspyrnuáhuga fyrir lífstíð.

- Æfingar séu fjölþættar og skemmtilegar.
- Börn séu hvött til að kynna sér og reyna sem flestar íþróttagreinir.
- Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma sé kennd.
- Öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.
- Leikið verði í 7 manna liðum.
- Fyrir 9 og 10 ára skal keppni fara fram á félagsmótum sem og á héraðs- og landshlutavísu. Áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu og allir fái sömu viðurkenningu fyrir þátttöku.
- Fyrir 11 og 12 ára skal keppni fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu. Áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu. Lið vinna til verðlauna.

c) 13 - 16 ára.

- Þjálfun byggist meira en áður á þoli, krafti og hraðaæfingum ásamt liðleikaþjálfun.
- Viðhalda og bæta áður lærða tæknilega færni.
- Auka skilning á leikfræðilegum atriðum.
- Skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi með knattspyrnustarfinu. Sérstök áhersla sé lögð á að skapa unglíngum félagslega góðar aðstæður innan félagsins. Til þess skulu öll tækifæri sem bjóðast til hópþátttöku, hópferða og félagslegra athafna innan vallar sem utan nýtt til hins ítrasta.
- Kynna keppnis- og afreksíþróttamennsku og þann hugsunarhátt sem nauðsynlegur er til að árangur náist.
- Kynna þá möguleika sem bjóðast þeim sem vilja iðka knattspyrnu sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins.
- Æfingar séu fjölþættar.
- Sérhæfing hefjist.
- Fræðsla um vöxt og þroska fari fram.
- Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl fari fram.
- Allir unglíngar fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.
- Öll félög sjái til þess að skapa sem jöfnust tækifæri til að stunda knattspyrnu sem keppnisíþrótt annars vegar og líkamsrækt hins vegar.
- Leikið verði í 11 manna liðum. Einnig verði áfram leikið í 7 manna liðum.
- Fyrir 13 og 14 ára skal keppni fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og hugsanlega erlendis. Lið sem og einstaklingar vinna til verðlauna.
- Fyrir 15 og 16 ára skal keppni fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og erlendis. Árangur í keppni orðinn markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við. Lið sem og einstaklingar vinna til verðlauna.

d) 17 til 19 ára.

- Allir þjálfunarþættir séu teknir fyrir.
- Auka þjálfunarálagið verulega.
- Innleiða afreks-hugsunarhátt hjá þeim sem stefna að þátttöku í keppnis- og afreksknattspyrnu.
- Skapa möguleika fyrir þá sem vilja iðka knattspyrnu sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins.
- Æfingar séu alhliða og fjölþættar þannig að allir þjálfunarþættir séu teknir fyrir með tilliti til stöðu og hæfileika hvers einstaklings.
- Val á milli íþróttagreina fari fram ef fyrir liggur áhugi til sérhæfingar.
- Sérhæfð afreksþjálfun fari fram og æfingaálagið sé aukið verulega frá því sem áður var.
- Unglíngum sé gerð full grein fyrir hvaða hugarfar, álag og hæfileika þarf til að ná árangri í afreksknattspyrnu.

- Öll félög geri greinarmun á afreksknattspyrnu eða knattspyrnu þar sem árangur í keppni er aðalmarkmiðið annars vegar og hins vegar knattspyrnu þar sem áhersla er lögð á líkamsrækt og félagsskapinn umfram árangur í keppni sem slíkri.
- Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og erlendis. Árangur í keppni orðinn markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við. Lið sem og einstaklingar vinna til verðlauna.

Með stefnuyfirlýsingu þessari er aðildarfélögum KSÍ markaður rammi til að vinna eftir við þjálfun barna og unglunga en knattspyrnuhreyfingin stefnir ávallt að því að skapa kjöraðstæður fyrir börn og unglunga þannig að þau fái notið sín.

Knattspyrnusamband Íslands

Stefnuyfirlýsingunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að stefnuyfirlýsingin yrði samþykkt með eftirfarandi breytingum (breytingar feitletraðar):

Stefnuyfirlýsing KSÍ um þjálfun barna og unglunga

Stefna KSÍ hefur það að leiðarljósi að knattspyrnuíðkun skuli vera þroskandi líkamlega, félagslega og sálrænt. Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglunga til að njóta sín innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Skipuleg og markviss þjálfun getur skapað börnum og unglungum aðstæður til að verða afreksmenn seinna meir á lands- og/eða alþjóða mælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreksmennsku fái tækifæri til að stunda knattspyrnu við sitt hæfi. **Þjálfun barna á við 12 ára og yngri, en þjálfun unglunga á við 13 ára til og með 19 ára.**

Markmið, leiðir, verðlaun og viðurkenningar

a) 8 ára og yngri

- Auka hreyfiþroska.
- Fyrstu kynni af knattspyrnu verði jákvæð.
- Æfingar séu fjölbættar og stuðli að bættum hreyfiþroska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar.
- Þjálfun fari fram í leikformi.
- Æfingar séu skemmtilegar.
- Leikið verði í 4ra til 6 manna liðum.
- Keppni í þessum flokki á ekki að vera markmið í sjálfu sér. Sé keppni viðhöfð skal hún fara fram á félagsmótum og mótum þar sem félagar úr nágrennafélögum keppa.
- Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppni.
- Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með, að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku og að allir fái sömu viðurkenningu fyrir þátttöku.

b) 9 til 12 ára.

- Aðaláhersla sé á þjálfun tæknilegar færni.
- Kynna einföld leikfræðileg atriði.
- Þjálfun feli í sér þol, kraft og liðleikaæfingar.

- Að vekja knattspyrnuáhuga fyrir lífstíð.
- Æfingar séu fjölþættar og skemmtilegar.
- Börn séu hvött til að kynna sér og reyna sem flestar íþróttagreinar.
- Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma sé kennd.
- Öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.
- Leikið verði í 7 manna liðum.
- Fyrir 9 og 10 ára skal keppni fara fram á félagsmótum sem og á héraðs- og landshlutavísu. Áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu og allir fái sömu viðurkenningu fyrir þátttöku.
- Fyrir 11 og 12 ára skal keppni fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu. Áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu. Lið vinna til verðlauna.

c) 13 - 16 ára.

- Þjálfun byggist meira en áður á þoli, krafti og hraðaaefingum ásamt liðleikaþjálfun.
- Viðhalda og bæta áður lærða tæknilega færni.
- Auka skilning á leikfræðilegum atriðum.
- Skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi með knattspyrnustarfinu. Sérstök áhersla sé lögð á að skapa unglíngum félagslega góðar aðstæður innan félagsins. Til þess skulu öll tækifæri sem bjóðast til hópþátttöku, hópferða og félagslegra athafna innan vallar sem utan nýtt til hins ítrasta.
- Kynna keppnis- og afreksíþróttamennsku og þann hugsunarhátt sem nauðsynlegur er til að árangur náist.
- Kynna þá möguleika sem bjóðast þeim sem vilja iðka knattspyrnu sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins.
- Æfingar séu fjölþættar.
- Sérhæfing hefjist.
- Fræðsla um vöxt og þroska fari fram.
- Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl fari fram.
- Allir unglíngar fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.
- Öll félög sjái til þess að skapa sem jöfnust tækifæri til að stunda knattspyrnu sem keppnisíþrótt annars vegar og líkamsrækt hins vegar.
- Leikið verði í 11 manna liðum. Einnig verði áfram leikið í 7 manna liðum.
- Fyrir 13 og 14 ára skal keppni fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og hugsanlega erlendis. Lið sem og einstaklingar vinna til verðlauna.
- Fyrir 15 og 16 ára skal keppni fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og erlendis. Árangur í keppni orðinn markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við. Lið sem og einstaklingar vinna til verðlauna.

d) 17 til 19 ára.

- Allir þjálfunarþættir séu teknir fyrir.
- Auka þjálfunarálagið verulega.
- Innleiða afreks-hugsunarhátt hjá þeim sem stefna að þátttöku í keppnis- og afreksknattspyrnu.
- Skapa möguleika fyrir þá sem vilja iðka knattspyrnu sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins.
- Æfingar séu alhliða og fjölþættar þannig að allir þjálfunarþættir séu teknir fyrir með tilliti til stöðu og hæfileika hvers einstaklings.
- Val á milli íþróttagreina fari fram ef fyrir liggur áhugi til sérhæfingar.
- Sérhæfð afreksþjálfun fari fram og æfingaálagið sé aukið verulega frá því sem áður var.
- Unglíngum sé gerð full grein fyrir hvaða hugarfar, álag og hæfileika þarf til að ná árangri í afreksknattspyrnu.

- Öll félög geri greinarmun á afreksknattspyrnu eða knattspyrnu þar sem árangur í keppni er aðalmarkmiðið annars vegar og hins vegar knattspyrnu þar sem áhersla er lögð á líkamsrækt og félagsskapinn umfram árangur í keppni sem slíkri.
- Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og erlendis. Árangur í keppni orðinn markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við. Lið sem og einstaklingar vinna til verðlauna.

Með stefnuyfirlýsingu þessari er aðildarfélögum KSÍ markaður rammi til að vinna eftir við þjálfun barna og unglinga en knattspyrnuhreyfingin stefnir ávallt að því að skapa kjöraðstæður fyrir börn og unglinga þannig að þau fái notið sín. **Jafnfram gerir stefnuyfirlýsing þessi ráð fyrir því að ekki sé gerður greinarmunur á aldursflokkaskiptingu hjá piltum og stúlkum.**

Stefnuyfirlýsingin á þingskjali 14 var samþykkt samhljóða með breytingum nefndarinnar.

Þingskjal 15

- Framsógu hafði Valdimar Friðriksson.

Ályktunartillaga

54. ársþing KSÍ skorar á stjórn ÍSÍ að hefja nú þegar viðræður við ríkisvaldið um 150 milljóna króna styrk til reksturs sérsambanda ÍSÍ.

Valdimar Friðriksson, formaður UMSK

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Bjarni Hákonarson.

Nefndin lagði fram nýtt þingskjal, merkt 15b:

Ályktunartillaga

54. ársþing KSÍ ályktar að skora á stjórn ÍSÍ að hefja nú þegar viðræður við ríkisvaldið um að ríkisvaldið styrki rekstur sérsambanda ÍSÍ um a.m.k. 150 milljónir króna árlega.

Greinargerð: Rekstur landsliða á vegum sérsambanda ÍSÍ verður æ viðameiri og kostnaðarsamari í rekstri. Miklar samfélagslegar kröfur eru gerðar til landsliða í keppni heima og erlendis um árangur. Til að standa undir þeim væntingum þarf mikið rekstrarfé sem sérsambönd sækja oft en ekki til fyrirtækja. Þar er þó ekki á vísan að róa. Að auki takmarkar það aðgang einstakra félaga að fjármagni þar sem sérsamböndin seilast meir og meir inn á sama markað og félögin.

Fyrirmyndir eru stórt atriði í uppeldi ungmenna. Þessar fyrirmyndir eru oft en ekki sóttar í íþróttir, og þá til landsliðsfólks sérsambandanna. Þáttaka ungmenna í íþróttum eru í raun hluti af forvarnarstarfi í þjóðfélaginu.

Að lokum væri fróðlegt að sjá hverjar tekjur hins opinbera væru af landsleikjum bæði á Íslandi og með öðrum hætti erlendis einnig.

Fjárhagsnefnd

Tillaga fjárhagsnefndar á þingskjali 15b var samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Eggert Magnússon afhenti Breiðablik kvennabíkarinn.

Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til KR í Landssímadeildinni og til Fylkis í 1. deild karla.

Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Viðar Halldórsson.

Kosning formanns til tveggja ára:

Nefndin gerði tillögu um Eggert Magnússon sem formann til tveggja ára og var hann sjálfkjörinn.

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda í aðalstjórn til tveggja ára og voru þau sjálfkjörin.

Anna Vignir	ÍBR
Ástráður Gunnarsson	ÍS
Jón Gunnlaugsson	ÍA
Lúðvík S Georgsson	ÍBR

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda sem aðalfulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörinir.

Vesturland	Jakob Skúlason	UMSB
Norðurland	Rafn Hjaltalín	ÍBA
Austurland	Guðmundur Ingvason	UÍA
Suðurland	Jóhann Ólafsson	ÍBV

Kosning til varastjórnar til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda í varastjórn til eins árs og voru þeir sjálfkjörinir.

Einar Friðþjófsson	ÍBV
Jóhannes Ólafsson	ÍBV
Þórarinn Gunnarsson	ÍBR

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs:

Nefndin gerði tillögu um eftirtalda sem varafulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörinir.

Vesturland	Elías Jónatansson	HSB
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson	UMSS
Austurland	Valgeir Kjartansson	UÍA
Suðurland	Páll Leó Jónsson	HSK

Kosning fulltrúa á íþróttaping KSÍ:

Nefndin lagði til að skipun fulltrúa á íþróttaping yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt.

Kosning skoðunarmanna KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

Kosning í dómstól KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í dómstól KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Jón Steinar Gunnlaugsson Jón Gunnar Zoëga Guðmundur Jónsson
Varamenn	Gestur Jónsson Lúðvík Örn Steinarsson Guðmundur Þórðarson Helgi V. Jónsson Jens Sumarliðason

Kosning í sérdómstóla KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í sérdómstóla KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Reykjanes

Halldór Frímansson, Mosfellsbæ
Ásbjörn Jónsson, Garði
Gunnlaugur Magnússon, Hafnarfirði
Lárus Blöndal, Garðabæ (til vara)
Gunnar Vilbergsson, Grindavík (til vara)
Kári Gunnlaugsson, Keflavík (til vara)

Vesturland

Gísli Gíslason, Akranesi
Ingi Tryggvason, Borgarnesi
Friðrik Friðriksson, Grundarfirði
Eyjólfur Torfi Geirsson, Borgarnesi (til vara)
Eiríkur Ólafsson, Borgarnesi (til vara)
Pétur Kristinsson, Stykkishólmi (til vara)

Vestfirðir

Björn Jóhannesson, Ísafirði
Bjarni Stefánsson, Hólmavík
Magnús Hansson, Bolungarvík
Haraldur Jónsson, Hólmavík (til vara)

Valdimar Gunnarsson, Bíldudal (til vara)
Jón Ólafsson, Hólmavík (til vara)

Norðurland vestra

Halldór Halldórsson, Sauðárkróki
Stefán Ólafsson, Blönduósi
Hörður Júlíusson, Siglufirði
Jón Guðbjörnsson, Hvammstanga (til vara)
Páll Ragnarsson, Sauðárkróki (til vara)
Kristinn Guðmundsson, Stað Hrutafirði (til vara)

Norðurland eystra

Arnar Sigfússon, Akureyri
Ingólfur Freysson, Húsavík
Kristján Sigurðsson, Hauganesi
Baldur Dýrfjörð, Akureyri (til vara)
Þorsteinn Þorvaldsson, Ólafsfirði (til vara)
Gunnar Kárason, Akureyri (til vara)

Austurland

Hilmar Gunnlaugsson, Egilsstöðum
Albert Eymundsson, Höfn
Valgeir Kjartansson, Reyðarfirði
Guðmundur Bjarnason, Neskaupstað (til vara)
Aðalbjörn Björnsson, Vopnafirði (til vara)
Sigurjón Bjarnason, Egilsstöðum (til vara)

Suðurland

Sigurður Sigurjónsson, Selfossi
Sigmundur Stefánsson, Selfossi
Birgir Sveinsson, Vestmanneyjum
Magnús Bragason, Vestmannaeyjum (til vara)
Þórarinn Ingólfsson, Selfossi (til vara)
Ólafur Jónsson, Vestmannaeyjum (til vara)

Millipinganefndir:

Nefndin lagði til að vísa skipun í nefndir til stjórnar KSÍ og var það samþykkt.

Eftirfarandi tillaga um skipan í kjörnefnd var samþykkt samhljóða:

Viðar Halldórsson, formaður
Stefán Gunnlaugsson
Páll Bragason

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit:

Eggert Magnússon nýkjörinn formaður KSÍ þakkaði þingfulltrúum góð störf og hvatti þá til dáða á komandi starfsári. Hann þakkaði Gunnlaugi Hreinssyni sem nú gekk úr varastjórn fyrir hans miklu störf fyrir knattspyrnuhreyfinguna. Hann óskaði Jóhannesi Ólafssyni til hamingju með kjör í varastjórn í fyrsta sinn og jafnframt óskaði hann öðrum stjórnarmönnum til hamingju með endurkjör. Hann þakkaði þingforsetum og þingritara fyrir góð störf að svo loknu sleit hann 54. ársþingi KSÍ.

Sveinn Jónsson
1. þingforseti

Ingvi Guðmundsson
1. þingritari

Steinn Halldórsson
2. þingforseti

Klara Bjartmarz
2. þingritari